

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Breiðabólstaðartorfa í Suðursveit, deiliskipulag.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 22. júní 2022 deiliskipulag Breiðabólstaðartorfu í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Helstu markmið breytingarinnar eru að móta ramma um byggð á Breiðabólstaðartorfu og staðsetja grunninnviði. Skilgreindar eru byggingarheimildir til að þróa byggðina áfram og efla starfsemi á svæðinu. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu íbúðarhúsnaðis fyrir fasta íbúa og starfsfólk sem býr í skemmri tíma á staðnum. Ennfremur gistirými í viðbyggingum við gistihús sem þegar standa og nýjum smáhýsum. Heimiluð er endurnýjun eldri húsa og bygging nýrra til notkunar í landbúnaði og til að þróa ferðaþjónustu á staðnum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 10. október 2022.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri.